

Mál nr. 137/2013
M og
Vátryggingafélagið V v. Ábyrgðartryggingar A

Maður kastaði sér af sexhjóli. Líkamsáverkar. Orsakasamband þ. 1.8.2011.

Gögn.

1. Málskot móttengið þ.3.4.2013 ásamt fylgiskjöllum 1-7
2. Bréf V dags. 27.8.2013.

Málsatvik.

M segist hafa verið farþegi í A sem hafi runnið stjórnlaust niður brekku og hann þá kastað sér af því og fengið hnykk á hálsinn þegar hann lenti illa í brekkunni. M krefst bóta úr ábyrgðartryggingu A vegna meiðsla sem hann hafi hlotið í umrætt sinn. M byggir á því að lækisfræðileg gögn staðfesti slysið og lýsingar M um tildrög þess og skýrsla sjúkraþjálfara dags. 30.3.2013 um komu M í sjúkraþjálfun um tveim mánuðum eftir bílslyss á byrjun ágúst 2011. V hafnar bótaskyldu úr ábyrgðartryggingu A og telur ósannað að M hafi verið á hjólinu með ökuþingi þess og óundirrituð og ódagsett yfirlýsing dags.24.10.2011 sé ekki fullnægjandi sönnun þess. Þá telur V ósannað að orsakatengsl séu á milli slyssins og einkenna M jafnvel þó sannað yrði að M hafi lent í slysinu. V bendir á að M hafi ekki leitað á slysadeild fyrr en rúmum þrem mánuðum eftir slysið og röntgenmyndir hafi ekki sýnt fersk áverkamerki. Síðan hafi M leitað til læknis þ.22.2.2012. Þá telur V að í skýrslu sjúkraþjálfara komi hvorki fram sönnun á tjónsatburðinum né á orsakatengslum og þá liggi engin tilvísun frá lækni fyrir sjúkraþjálfuninni fyrir. Loks vísar V í dóma Hæstaréttar í málum nr. 89/2006, 240/2008 og 683/2009.

Álit.

Engin gögn hafa verið lögð fram sem sýna ótvírætt fram á að þau óþægindi sem hrjá M í dag, stafi af áverkum sem hann hlaut þ. 1.8.2011. Þá leitaði M ekki til læknis fyrr en rúmum 3 mánuðum eftir það atvik sem M byggir kröfu sína á og dregur það úr sönnunargildi yfirlýsinga hans sjálfs. Af fyrirliggjandi gögnum liggur ekki fyrir sönnun um orsakasamband milli þess atviks sem M lýsir að hafi átt sér stað þ. 1.8.2011 og þeirra líkamsáverka sem M byggir kröfu sína á. Þegar af þeirri ástæðu á M ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu A hjá V.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu A hjá V.

Reykjavík 17.9.2013.

Þóra Hallgrímsdóttir hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.